

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. desember 2006

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um tillögu til þingsályktunar um nýja framtíðarskipan lífeyrismála, 3. mál.

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða varðandi tillögu til þingsályktunar um nýja framtíðarskipan lífeyrismála, 3. mál.

Landssamtök lífeyrissjóða telja að ræða beri þingsályktunartillögu þessa samhliða frumvarpi til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra, 330. mál.

Vísað er í umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um það mál, dags. 23. nóvember s.l., sem allt að einu getur átt við sem umsögn varðandi umrædda þingsályktunartillögu. Tekið er undir þá megin hugsun í tillögunni að endurskoðun fari fram á lífeyriskafli almannatryggingalaganna og að skoðað verði samspil almannatrygginga og lífeyrissjóðakerfisins með það að markmiði að einfalda tryggingakerfið og draga úr skerðingarákvæðum þess. Við mat á fyrirkomulag tekjutengingar bóta almannatrygginga geta þingmenn haft hliðsjón af reglum lífeyrissjóðanna, þegar meta skal skerðingarákvæði almannatrygginga.

Virðingarfyllst,

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

